



## Verðbólgan jókst umfram væntingar

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,92% milli mánaða í febrúar og mælist verðbólgan nú 2,4% samanborið við 1,7% í janúar. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,95% milli mánaða og mælist verðbólga því einnig 2,4% á þann mælikvarða.

Óhætt er að segja að þessi mæling hafi komið á óvart en opinberar spár lágu til hækkunar á bilinu 0,4% til 0,5%. Við höfðum spáð 0,4% hækkun.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Bensín og díselolía** lækkuðu um 2,1% milli mánaða í samræmi við verðmælingar okkar.
- **Föt og skór** hækkuðu vegna útsöluloka. Hækkunin milli mánaða var nokkuð meiri en seinustu ár sem gæti skýrst af því að janúarútsölunum hafi lokið fyrr.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hækkuðu einnig vegna útsöluloka. Hækkunin í febrúar (+3,9%) var nokkuð meiri en lækkunin í janúar (-5,1%). Alla jafna ganga janúarútsölur á þessum lið að fullu til baka í febrúar. Þróunin núna í febrúar bendir til þess að útsölnar hafi teygst sig inn í febrúarmánuð.
- **Tómstundir og menning** hækkuðu um 1,8% milli mánaða. Skýrist hækkunin annars vegar af hækkun á sjónvörpum og hljómflutningstækjum vegna útsöluloka og hins vegar af hækkun á pakkaferðum til útlanda.
- **Flugfargjöld til útlanda** hækkuðu um 8,8% milli mánaða og er núna 10,6% dýrara að fljúga en fyrir ári síðan.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,7% milli mánaða. Skýrist þetta af 0,9% hækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis en áhrif vaxtabreytinga var 0,2 prósentustig.


### Gerum ráð fyrir 2,0% verðbólgu í maí

Eins og staðan er í dag reiknum við með +0,3% hækkun verðlags í mars, +0,1% í apríl og +0,3 í maí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,0% í maí.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,1%	1,8%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,5%	3,0%
Föt og skór	4,1%	6,4%	7,6%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,2%	0,7%	3,1%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,7%	2,1%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	3,9%	0,7%
Heilsa	4,0%	0,3%	0,6%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,0%	3,9%
Kaup ökutækja	5,6%	-0,4%	0,1%
Bensín og díselolía	3,4%	-2,1%	2,9%
Flugfargjöld til útlanda	1,5%	8,8%	10,6%
Póstur og sími	1,7%	-0,5%	-4,3%
Tómst. og menning	10,1%	1,8%	3,5%
Menntun	0,4%	0,0%	2,0%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,3%	2,3%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	-0,2%	3,3%

Heimild: Hagstofa Íslands


### Framlag undirliða í febrúar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




VNV hækkaði um 0,92% milli mánaða og mælist verðbólgan 2,4% samanborið við 1,7% í janúar.




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga án húsnæðis er einnig 2,4%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,0% verðbólgu í maí.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Föt og skór og reiknuð húsaleiga hækkuðu meira en við áttum von á. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu þvert á væntingar okkar.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag innfluttra vara, húsnæðis og þjónustu jukust milli mánaða



Heimild: Hagstofa Íslands


75% undirliða hafa hækkað seinustu 12 mánuði, þar af 47% meira en 2,5%



Heimild: Hagstofa Íslands




Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 8,8% milli mánaða og eru 10,6% dýrari en í febrúar 2019.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Árshækkun vísitölu markaðsverðs húsnæðis er 4,6% og reiknaðrar húsaleigu er 2,1%.



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.


Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Föt og skór hækkuðu um 6,4% milli mánaða vegna útsöluloka



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er um 2,5%



Heimild: Kodiac, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.